

Fimmtudaginn 4. mars 1993.

Nr. 338/1991. **Úlfar Sæmundsson**

(Jón Kr. Sólves hrl.)

gegn

Hitaveitu Siglufjarðar

(Kjartan Ragnars hrl.).

Áskorunarmál. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi hefur með stefnu 9. ágúst 1991 áfrýjað til Hæstaréttar áritun á áskorunarstefnu, dagsetta 16. maí 1991. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu áritunar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Með áskorunarstefnu 19. apríl 1991 höfðaði stefndi mál gegn áfrýjanda til greiðslu á skuld, að fjárhæð 167.528 krónur, auk dráttarvaxta frá 1. janúar 1990 til greiðsludags og málskostnaðar.

Málsatvikum er þannig lýst í stefnunni, að skuldin sé vegna kaupa áfrýjanda á heitu vatni af stefnda til nota í húsinu Hvanneyrarbraut 17, Siglufirði, á tímabilinu desember-janúar 1987 til ágúst-september 1990. Um sundurliðun skuldarinnar er vísað til skuldaryfirlits, sem lagt var fram í málinu.

Í upphafi stefnunnar segir, að málið sé höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, en í niðurlagi hennar, að það verði þingfest á bæjarþingi Siglufjarðar, sem haldið verði á skrifstofu bæjarfógeta að Gránugötu 4-6 miðvikudaginn 15. maí 1991 kl. 14.00. Við þingfestingu var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda, og var málið því tekið til áritunar. Hinn 16. maí var málinu lokið með svofelldri áritun Erlings Óskarssonar bæjarfógeta á áskorunarstefnuna:

„Stefnukröfur máls þessa og kr. 39.431.- í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þess-

arar. Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknist frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga.“

Áfrýjandi áskildi sér ekki í áfrýjunarstefnu að „bera fram kröfur ... umfram það, sem hann bar fram í héraði ...“, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Þegar af þeirri ástæðu er ekki lagaheimild fyrir því, að um kröfur hans verði fjallað. Við svo búið kemur aðeins til álita, hvort lagarök hafi staðið til þess, er áskorunarstefnan var tekin til áritunar, að vísa bæri málinu sjálfkrafa frá dómi.

Þrátt fyrir galla þann á áskorunarstefnunni, sem að framan er lýst, gat það ekki dulist áfrýjanda, að málið var höfðað til þingfestingar á bæjarþingi Siglufjarðar. Galli þessi var því ekki næg ástæða fyrir frávísun málsins frá héraðsdómi.

II.

Samkvæmt 1. gr. reglugerðar um Hitaveitu Siglufjarðar nr. 244/1977 er hitaveitan eign Siglufjarðarkaupstaðar og rekin í þeim tilgangi að selja heitt vatn til upphitunar húsa á Siglufirði. Samkvæmt 9. gr. gjaldskrár fyrir hitaveituna nr. 376/1988 má taka öll gjöld samkvæmt henni lögtaki á kostnað gjaldenda. Lögtaksréttur þessi á stoð í 79. gr. orkulaga nr. 58/1967. Í 10. gr. gjaldskrárinnar er hitaveitunni áskilinn réttur til að loka aðrennsli vatns að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld, sbr. áðurnefnda grein orkulaga.

Samkvæmt framansögðu er krafa stefnda gjald fyrir opinbera þjónustu og verður því ekki talin peningaskuld, sem stafi af lausafjárkaupum, eins og áskilið er í 1. mgr. 222. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988. Þá er krafa af þessum toga spunnin ekki heldur meðal þeirra fjárfrafna, sem taldar eru upp í 2. mgr. 222. gr. Af þessu leiðir, að lagaskilyrði skorti fyrir höfðun áskorunarmáls samkvæmt XX. kafla laga nr. 85/1936 til heimtu kröfunnar. Héraðsdómari átti af þessari ástæðu að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi.

Samkvæmt þessu ber að ómerkja hina áfrýjuðu áritun ex officio og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun á að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.